

Föstudaginn 24. september 1982.

Nr. 80/1980. **Vesturröst h/f**
 (Grétar Haraldsson hrl.)
 gegn
Fiskmiðlun Suðurnesja h/f
 (Garðar Garðarsson hdl.).

Árekstur skipa. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 þann 21. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 6.453.24 krónur (nýkr.) með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sjóferðaskýrsla var ekki gefin vegna árekstrar b/v Framtíðarinnar og m/b Helgu Guðmundsdóttur. Glöggar upplýsingar eru ekki komnar fram um það, hve traustar festingar b/v Framtíðarinnar voru, og þá sér í lagi ekki um það, hversu sverar nylontrossur voru notaðar. Veðurvottorð það, sem greinir í héraðsdómi, bendir ekki til þess, að veðurofsi hafi verið meiri en vænta mátti á þessum árstíma. Er ekki sjáanlegt, að orsök árekstrarins hafi verið önnur en sú, að festingar b/v Framtíðarinnar hafi ekki verið fullnægjandi til þess að mæta því veðri, sem skall á og búast mátti við samkvæmt framansögðu. Svo sem legustað skipsins var hátt-að, hlaut meira að reyna á festingar skipsins en ella vegna vindáttar og straums. Ekki er fram komið, að eftirlit hafi

verið haft með skipinu og festingum þess, eftir að veður versnaði, fyrr en í óefni var komið. Samkvæmt framansögðu þykir stefndi bera ábyrgð á tjóni áfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 195. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Áfrýjandi krefur stefnda um fjárhæð þá, er hann galt fyrir viðgerð á skipi sínu. Hefur stefndi ekki mótmælt kröfu-fjárhæðinni tölulega fyrir Hæstarétti. Verður hann því dæmdur til að greiða áfrýjanda 6.453.24 krónur með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstími vaxtanna sætir ekki andmælum. Þá ber og að dæma hann til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 6.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, greiði áfrýjanda, Vesturröst h/f, 6.453.24 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., en 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 6.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur og Njarðvíkur

4. október 1979.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 28. september sl., hefur Vesturröst h/f, Patreksfirði, höfðað, með stefnu, birtri 9. ágúst 1978, gegn Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, Hafnargötu 57, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 645.324 ásamt 20% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning gerði lögmaður breytta vaxtakröfu, þannig að krafist er 19% ársvaxta frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s. á., en 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Af hálfu stefnda var hinni breyttu kröfugerð mótmælt að því leyti sem hún horfir til hækkunar. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröf

ur stefnanda verði lækkaðar í kr. 380.000. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Sátta hefur verið leitað fyrir dómi, en án árangurs.

Málavöxtum er lýst svo í greinargerð stefnanda, að hinn 27. ágúst slitnaði b/v Framtíðin, KE 4, eign stefnda, frá bryggju í Njarðvíkurhöfn í SA 10 vindstigum og rak á m/b Helgu Guðmundsdóttur, BA 77, eign stefnanda, þar sem hún lá við bryggju, og dældaði bakkann (svínahrygg) bakborðsmegin á u. þ. b. 3 metra kafla og braut vinnupalla á bakborðssíðu. Viðgerð var framkvæmd af Herði h/f, Sandgerði. Fram kemur, að b/v Framtíðin hafi verið ábyrgðartryggð hjá Tryggingamiðstöðinni, en sjálfsáhætta váttrygðá, stefnda, verið hærri en stefnufjárhæðinni nemur.

Vitnið Klemenx Egilsson vélvirki, skýrði svo frá, að umræddan dag hafi hann ásamt tveimur öðrum starfsmönnum Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f verið við vinnu að viðgerð í vélarúmi b/v Framtíðarinnar. Skipið hafi legið inni í vestari króknum í Njarðvíkurhöfn og snúið stefni í vestur. M/b Helga Guðmundsdóttir hafi legið við lengri garðinn og snúið í suður, þannig að stefni skipanna hafi mest í hornréttri stöðu. Hann kvað þá vinnufélagana hafa farið um borð eftir síðdegiskaffi, eða um kl. um 1600. Veður hafi verið fremur vont og nálægt háflæði í stórstraum. Vindátt hafi verið suðaustlæg og því hin versta, sem hugsast gat, þ. e. vindur „stóð“ inn í höfnina u. þ. b. þvert á bakborðshlið b/v Framtíðarinnar, þá hlið, sem sneri að viðlegugarðinum. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir, að aðrir en þeir starfsmenn Vélsmiðju Hafnarfjarðar h/f væru um borð. Hann skýrði svo frá, að auk venjulegra festinga hefði verið vírfesting að aftanverðu. Hann fullyrti, að vel hefði verið gengið frá festingum skipsins, en mundi ekki eftir fjölda þeirra. Kvaðst hann áður hafa starfað sem vélstjóri á b/v Framtíðinni. Vitnið skýrði svo frá, að er þeir voru við vinnu sína í vélarúminu, hafi verið þó nokkur og vaxandi hreyfing á skipinu. Allt í einu hafi þeir orðið varir við breytingu, þannig að skipið kyrrðist, en lamdist þó utan í eitthvað. Þeir hafi nokkru síðar, eða um 1—1½ klukkustund eftir að þeir hófu vinnu, farið upp og séð, hvers kyns var. Veður hafði stórversnað og var mjög hvasst. Festingarnar að aftanverðu höfðu slitnað, svo að skipið stóð beint út frá garðinum, sem það hafði legið við, og slóst stjórnborðshlið þess við bakborðshlið m/b Helgu Guðmundsdóttur. Skipstjórnin, Sigurður Kristinsson, hafi komist um borð og vitnið gang-

sett vélina að beiðni hans. Skipið hafi síðan verið keyrt í fyrra lægi sitt og fest að nýju. Að ágiskun vitnisins voru 6—7 vindstig kl. 1600, en veðurhæð jókst í 10 vindstig, er verst var.

Vitnið Sigurður Kristinsson, skipstjóri b/v Framtíðarinnar, skýrði svo frá, að í umrætt sinn hefði honum verið gert viðvart um það, að skipið hefði slitnað að aftanverðu frá bryggju í Njarðvíkurhöfn. Ávallt sé hafður vaktmaður í skipinu í höfn, a. m. k. um nætur, og í þetta sinn hafi viðgerðarmenn verið þar um borð. Kvaðst hann hafa hraðað sér á vettvang og séð, að b/v Framtíðin lá út frá garðinum og nuggaðist utan í bakborðsbóg m/b Helgu Guðmundsdóttur, þannig að vinnupallar eða vinkiljárn, sem voru utan á því skipi, höfðu brotnað og dottið niður. Hann kvað stórstraumsflæði hafa verið og 10—12 vindstig af suðaustri. Hann komst um borð í b/v Framtíðina af m/b Helgu Guðmundsdóttur og hitti þar fyrir Klemenz Egilsson, sem vann þar að viðgerð, en hafði skömmu áður verið vélstjóri á skipinu. Klemenz setti vélina strax í gang að beiðni vitnisins (Sigurðar), sem keyrði skipið upp að garðinum, þar sem það var fest að nýju. Um það leyti hafi veðrið verið farið að ganga niður. Hann lýsti festingum b/v Framtíðarinnar svo, að þær hafi verið með hefðbundnum hætti. Að aftanverðu hafi verið tvær festingar með nylontógum, en á milli þeirra vírfesting í dekk og að auki tvöfaldur „springur“. Að framanverðu hafi verið nylontóg, þ. e. tveir „springir“, og tvö bönd fram af skipinu, sín hvorum megin við stefnið. Hann kvað veðurofsann í umrætt sinn hafa verið næsta einstæðan miðað við árstíð. Miðað við það, hvað b/v Framtíðin lá þvert fyrir vindi, hafi þess ekki verið að vænta, að neinar venjulegar festingar stæðust átökin, en frjálst val væri alls ekki varðandi lægi skipa, heldur kæmu þar til ákveðnar reglur og fyrirmæli bryggjuvarða og hafnarstjóra. Hann kvað afturenda b/v Framtíðarinnar hafa staðið nokkuð aftur af viðlegugarðinum, þar sem með því móti hafi verið betra að koma við festingum. Eigi kvaðst hann muna, hvort menn hafi verið um borð í m/b Helgu Guðmundsdóttur.

Vitnið Bolli Magnússon, skipatækniþræðingur hjá Herði h/f, kvað fyrirtækið hafa verið nýbúið að koma fyrir svonefndum svínahrygg á m/b Helgu Guðmundsdóttur og hafi vinnupallar verið utan á bakborðsbóg. Hann kvaðst ekki muna, hvort nokkur frá Herði h/f var um borð í m/b Helgu Guðmundsdóttur umræddan dag. Hann kvað skemmdirnar, sem b/v Framtíðin olli á m/b Helgu Guðmundsdóttur, hafa verið þær í aðalatriðum, að

svínahryggurinn hafi gengið inn og um leið niður og við það hafi hluti af hvalbaki og nýja bakkanum dældast. Einnig hafi vinnupallar brotnað og dottið niður í sjó og við það valdið nokkru hnjaski. Hann kvaðst ekki hafa verið í Keflavík eða Njarðvík umræddan dag, en heyrt, að veður hefði verið slæmt.

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt vottorð Veðurstofu Íslands um veður á Keflavíkurflugvelli 27. ágúst 1977:

„Dags. 27.8.	Mest veður-				Skyggni	Hiti
	Tími	Vindátt og veðurhæð	hæð milli athugana	Veður	km	C°
	12	SA 7	8	Úði og regn, lítillsháttar	4.0	8.9
	15	ASA 7	7	Úði og regn, lítillsháttar	2.4	9.9
	18	ASA 7	8	Úði og regn, miðlungs eða þétt	0.6	9.1
	21	S 3	7	Úði og regn, lítillsháttar“	2.4	11.0

Kröfur stefnanda „eru byggðar á sök eða með öðrum orðum ábyrgð eigenda Framtíðarinnar á tjóni, sem skipið olli á eigum 3ja aðila, þ. e. stefnanda“, eins og segir í greinargerð hans. Stefnufjárhæðin er alfarið byggð á kostnaðarreikningi Harðar h/f.

Sýknukrafa stefnda er aðallega byggð á því, að tjón stefnanda hafi orsakast af óvæntum utanaðkomandi atburði (vis major), þ. e. óveðrinu, sem skyndilega rauk upp. Sýknukrafan er einnig studd ákvæði 196. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Stefndi eða forsvarsmenn hans, áhöfn eða aðrir þeir, er unnu í þágu skipsins og útgerðarmaður gat borið ábyrgð á, eigi ekki sök á tjóninu. Skipið hafi verið bundið eins og venja er, með sverum nylon-tógum, og að auki með togvírurum og dekk notuð til fjöðrunar. Viðbrögð áhafnar skipsins og manna, er voru við vinnu í því, geti heldur ekki orðið til þess að fella sök á stefnda, heldur verði þvert á móti að telja, að þeir hafi varnað stórtjóni með snarræði sínu.

Varakröfu sína reisir stefndi á ákvæði 5. gr. laga nr. 39/1922. Reikningsupphæðin sé allt of há, miðað við hve smávægilegt

tjónið var, enda hafi tjónaskoðunarmaður Tryggingamiðstöðvarinnar h/f áætlað viðgerðarkostnað kr. 380.000.

Samkvæmt skipaskrá er b/v Framtíðin, KE 4, 297 brúttórúmllestir, en m/b Helga Guðmundsdóttir, BA 77, 365 brúttórúmllestir.

Það er samdóma álit meðdómenda, að festingar b/v Framtíðarinnar, KE 4, eins og þeim er lýst, hafi verið eins og venja er, þegar skipshöfn yfirgefur slíkt skip, óháð veðri. Einnig hafi þeir kynnt sér, að eigi sé venja, að sérstakur gæslumaður sé hafður um borð í slíkum skipum að degi til og síst þegar verið er að vinna við skipið.

Sönnur hafa eigi verið leiddar að því, að stefndi eða neinir þeir, er hann ber ábyrgð á skv. 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963, hafi átt sök á því, er b/v Framtíðin, KE 4, rakst á m/b Helgu Guðmundsdóttur, BA 77, í Njarðvíkurhöfn og olli við það tjóni á síðarnefndu skipi, eins og rakið hefur verið. Samkvæmt 196. gr. siglingalaganna ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að hvor málsaðili beri kostnað sinn af rekstri málsins.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Ólafi Björnssyni skipstjóra og Zakaríasi Hjartarsyni deildarstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vesturrastar h/f.

Málskostnaður fellur niður.
